

2012-2013

SJÁLFSMATSSKÝRSLA GRUNNSKÓLA ÖNUNDAFJARÐAR

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Um Grunnskóla Önundarfjarðar.....	4
Starfsfólk skólans.....	6
Markmið Grunnskóla Önundarfjarðar í skólastarfi	6
Sjálfsmatsáætlun veturinn 2012-2013	7
Innra mat	8
Nám og kennsla	8
Skipulag og ábyrgð á kennslu nemenda	8
Markmið námsgreina og námsþátta	8
Tengsl markmiða og námsefnis	8
Gæði námsefnis	8
Kennsluaðferðir	8
Sérstakur stuðningur við nemendur.....	9
Námskröfur.....	9
Ytri tengsl.....	9
Aðrir skólar	9
Foreldasamstarf.....	9
Samantekt og mat á árangri skólastarfsins	10
SVÓT greining	10
Úrbætur og árangur frá síðasta mati.....	10
Skólapúlsinn 2012-13	11
Nemendakönnun.....	11
Apríl	13
Foreldrakönnun	14
Starfsmannakönnun	15
Þróunar- og nýbreytnistarf	16
Samskipti heimila og skóla	16
Byrjendalæsi.....	16
Útikennsla.....	17
Hamingjubók	17
Endurmenntun	17
Áform um þróunar- og nýbreytnistarf.....	18

Heimanámsaðstoð.....	18
Áætlun um sjálfsmat 2013-2017	18

Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein nýrra grunnskólalaga ber öllum grunnskólum að vinna að markvissu sjálfsmati. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Allt skólaárið verður sjálfsmatið að vera virkt því þetta er langtímavinna, með langtímamarkmið. Sjálfsmat skóla er leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjá grunnskólalöginn nánar á eftirfarandi slóð. <http://www.althingi.is/altext/135/s/1114.html>

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitastjórna að fylgjast með mati og eftirliti með gæðum skólastarfs en skólanna að framkvæma mat, sbr. 5., 6. og 37.gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu og áætlanir um umbætur.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera markmiðsbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað, byggt á upplýsingum. Það þarf að leiða til umbóta og vera opinbert.¹

Um Grunnskóla Önundarfjarðar

Grunnskóli Önundarfjarðar er heildstæður, starfræktur frá 16.ágúst til 10. júní. Hann hefur verið starfræktur síðan 1903 og þá voru 25 nemendur í fjórum aldursárgöngum. Þegar nemendahópurinn var stærstur voru yfir 100 nemendur við skólann.² Íþróttahús og sundlaug eru við skólann og nýtast því vel í skólastarfinu enda stutt að fara.

Á vefsíðu skólans www.skolatorg.is er að finna almennar upplýsingar um skólann og starfsfólk hans. Auk þess sem starfsfólk skólans reynir að setja inn fréttir af skólalífinu reglulega. Einnig er skólinn með facebooksíðu þar sem myndir og fréttir eru settar inn.

¹ <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-og-vidmid-fyrir-efirlit-med-innra-mati-lokaskjal.pdf>

² Skólalahald á Flateyri eftir Gunnlaug Finnsson;2003

Nemendur

Í upphafi skólaárs 2012-2013 voru 17 nemendur. Skiptingin á milli bekkja er sem hér segir:

Bekkur	Fjöldi
1	0
2	3
3	3
4	0
5	6
6	0
7	0
8	1
9	4
10	0

Kennt er í þremur bekkjardeildum, 2.-3.-, 5.-, og 8.-9. bekk og því er mikil samkennsla við skólann. Fyrsta kennslustund hefst kl. 8:00 og er 2.-3. bekkur búinn kl. 12:30 en aðrir nemendur eru eitthvað fram eftir degi. Lengst er kennt til kl. 15 hjá 8.-9. bekk.

Mötuneyti er við skólann. Nemendum er boðið að kaupa hádegisverð fimm daga vikunnar og er hann eldaður og framreiddur frá leikskólanum. Nemendum er einnig boðið upp á að kaupa mjólk. Í skólanum er að auki lögð mikil áhersla á hollt og gott nesti og til að stuðla að aukinni vatnsdrykkju hefur skólinn séð nemendum fyrir vatnsbrúsum.

Nemendur í 8.-9. bekk eiga kost á valgreinum. Það sem hefur verið boðið upp á: kór, listir, námstækni, þýska, matreiðsla, textílmennt og auka aðstoð í íslensku og stærðfræði.

Starfsfólk skólans

Skólastjóri

María Hrönn Valberg.

Kennarar

Réttindahlutfall kennara við skólann hefur verið mjög hátt, um 80% undanfarin ár. 2 kennarar eru í fullu starfi auk þess sem tónmenntakennari, íþróttakennari og danskennari eru í hlutastarfi sem er samtals 77% stöðugildi.

Stöðugildi til kennslu eru 3,77 og kennslustundir á viku skólaárið 2012-2013 eru 90.

Annað starfsfólk

75% stöðugildi í ræstingu + skólaliði

Markmið Grunnskóla Önundarfjarðar í skólastarfi

Skólinn hefur sett sér að:

- Að koma til móts við þarfir hvers og eins nemenda eins og kostur er.

-Það gerum við með því að nota fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir sem höfða til mismunandi þroska, áhuga og getu nemendanna og með því að gera þá eins ábyrga fyrir eigin námi og kostur er.

- Auka gæði náms og kennslu með sífelldri endurskoðun og markvissri uppbyggingu.

-Það gerum við með því að kynna okkur nýtt námsefni, sækja námskeið og vera í sífelldri endurmenntun.

- Auka markvisst ábyrgð nemenda á námi, mætingu og hegðun.

- Það gerum við með því hjálpa nemendunum að skilja tengslin milli fyrirhafnar og árangurs og hvetja þá til að leggja á sig vinnu til að ná markmiðum sínum og fyllast ábyrgð á eigin árangri.

► Koma á skilvirku samskiptakerfi á milli heimilis og skóla.

-Það gerum við með því að gera foreldrum ljóst strax á haustin hvers er ætlast til af þeim t.d. í sambandi við fatnað, fjarvistir, námsgögn, hreinlæti, hvíld og hegðun nemenda. Hafa reglulega fundi með foreldrafélagi skólans og vinna náið með foreldrum að öflugu skólastarfi. Ef einhver atvik koma upp þá verður strax haft samband símleiðis við foreldra og málin leyst í sameiningu.

Sjálfsmatsáætlun veturinn 2012-2013

Kennarar og skólastjóri Grunnskóla Öndunarfjarðar ákváðu á kennarafundi þann 29. ágúst 2012 að taka fyrir eftirfarandi þætti:

Innra mat:

1. Ytri tengsl: Skoðað hvernig samstarfi er háttað við foreldrafélag og almennt við foreldra. Einnig voru skoðuð tengsl við aðra grunnskóla.
2. Nám og kennsla: Þá verður skoðað hvort skólinn sé að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og hvort gæði námsefnis standist kröfur kennara.

Ytra mat

3. Skólapúlsinn: Tvær rafrænar kannanir sem verða lagðar fyrir 6.-10. bekk, önnur í október og hin í apríl. Sömu spurningar eru lagðar fyrir í bæði skiptin og fjalla þær um nám og líðan nemenda í skólanum. Þessar spurningar eru hannaðar af þeim sem reka Skólapúlsinn og kaupir skólinn þessa þjónustu en í henni felst að fyrirtækið útbýr spurningalista sem eru lagðir fyrir tvisvar á vetri og sendir skólanum niðurstöðurnar en kennarar vinna síðan úr þeim. Einnig voru lagðar fyrir kannanir fyrir foreldra annars vegar og hins vegar starfsfólk.

Innra mat

Nám og kennsla

Skipulag og ábyrgð á kennslu nemenda

Við Grunnskóla Önundarfjarðar eru engir árganga- og fagstjórar, því er það í höndum umsjónarkennara og kennara að skipuleggja og bera ábyrgð á kennslu nemenda.

Umsjónarkennarar útbúa námsáætlun fyrir hvert fag á hverri önn og vinna svo vikuáætlanir upp úr þeim, fyrir allan hópinn eða einstaklinga eftir atvikum. Þessar áætlanir eru unnar í Mentor eða í Word og þá sendar heim með nemendum og einnig í tölvupósti.

Markmið námsgreina og námsþátta

Markmið námsgreina og námsþátta eru unnin úr aðalnámskrá grunnskóla frá 2006.

Tengsl markmiða og námsefnis

Kennarar leitast við að nota það námsefni sem uppfyllir markmið aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá.

Gæði námsefnis

Skólinn er vel útbúinn af námsbókum og námsefni. Þetta efni kemur að mestu frá Námsgagnastofnun og eru því í samræmi við markmið aðalnámskrá grunnskóla. Þar sem það er samkenndsla í Grunnskóla Önundarfjarðar finnst okkur stundum vanta fjölbreyttara námsefni sem henti samkenndslu í smærri skólum.

Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðirnar eru margskonar. Misjafnt er hvað hver kennari notar en innan skólans eru þessar kennsluaðferðir notaðar: bein kenndsla, heildstæð verkefni, byrjendalæsi, hópverkefni, leikræn tjáning, námsleikir, ritun, spil, söngur, tjáning, tónlist, vinnubókarkennsla, dans, efniskönnun, fræðslumyndir, fyrirlestrar, heimildarvinna, hlustunarefni, hlutverkaleikir, hreyfing, hugmyndavinna, kannanir, margmiðlun, rökþrautir, safnfræðsla, sagnalist, samræðuaðferðir, samvinnunám, sköpun, spurnaraðferðir, sýnikennsla, söguaðferð, umræður, upplýsingatækni, utanbókarnám, verklegar æfingar, vettvangsferðir, viðfangsefni tengd daglegu lífi, viðtöl, vinna með ólíka miðla, yfirferð námsefnis, þemanám, þjálfunarforrit, þrautalausnir, þulunám og aðrar kennsluaðferðir. Við notum kennsluaðferðalista úr Mentor til hliðsjónar þegar við veljum kennsluaðferðir og Litróf kennsluaðferðanna eftir Ingvar Sigurðsson.

Sérstakur stuðningur við nemendur

Námstækni hefur verið að einhverju leyti í efstu bekkjum skólans. Umsjónarkennari unglingastigs hefur lagt mikla áherslu á námstækni nemenda sinna í því augnamiði að nemendur verði meðvitaðri og ábyrgari í sínu námi. Heimanám í yngri bekkjum er aðallega lestur og 5 orðabók en þó getur komið fyrir að ef nemendur eru búnir að missa mikið úr náminu þá geta þeir þurft að fara með bækur heim til að vinna upp en í eldri bekkjum er farið eftir vikuáætlunum og ef nemendur eru ekki á áætlun þá taka þau vinnu með sér heim.

Námskröfur

Námskröfur skólans miðast við hæfileika, þekkingu og getu hvers nemenda.

Mat rýnihóps kennara

Á kennarafundi þann 13. mars 2013 var farið yfir ofangreinda þætti. Kennarar telja að þeir noti fjölbreyttar kennsluáðferðir og tengi saman markmið aðalnámskrár og kennsluefni.

Ytri tengsl

Aðrir skólar

Grunnskóli Önundarfjarðar hefur undanfarin ár verið í góðum tengslum við grunnskólana á Suðureyri og Þingeyri vegna þess að þessar þrjár stofnanir eru mjög líkar að innviðum. Má þar nefna kynnisferð árið 2007 til Þýskalands með Súgfirðingum, árið 2011 fórum við til Winnipeg ásamt Þingeyringum og Bolvíkingum. Veturna 2010-2012 tókum við þátt í þróunarverkefni með Suðureyri og Þingeyri sem hlaut vinnuheitið „Vindum upp segl“. Við höfum einnig nýtt okkur að hafa sömu starfsdaga á haustönn til að geta unnið saman að verkefnum. Skólastjórnir hafa í vetur verið með reglulega símafundum þar sem er rætt um starfið og miðlað þekkingu og reynslu.

Foreldrasamstarf

Grunnskólinn og foreldrafélagið tóku höndum saman í fyrra og byrjuðu með skólagarð. Gekk verkefnið mjög vel og krakkarnir voru mjög áhugasamir, mjög dugleg að vökva og hirða um sitt svæði, og því var ákveðið að halda þessu verkefni áfram. Krakkarnir byrjuðu að forrækta ýmsar plöntur inni í skóla og svo keyptu margir foreldrar útsæði og settu niður kartöflur.

Mat rýnihóps kennara: *Á kennarafundi þann 20. mars 2013 var farið yfir ofangreinda þætti. Kennarar telja að samstarfið við Suðureyri og Þingeyri er mjög mikilvægt og efli okkur í starfi. Þar hitta þeir aðra kennara sem eru í svipuðum sporum og þeir, með fámenna námshópa og fámennan starfsmannahóp. Kennarar telja einnig að samstarf við forelda skipti mjög miklu máli og telja kennarar að gott foreldrasamstarf er grundvöllurinn að góðu skólastarfi.*

Samantekt og mat á árangri skólastarfsins

Í sjálfsmatshópi Grunnskóla Önundarfjarðar eru skólastjóri og kennarar. Unnið er eftir sjálfsmatsáætlun sem skólastjóri leggur fram og unnið er eftir sérstakri vinnuáætlun og ber hópurinn ábyrgð á að sjálfsmatsáætlun er gerð og henni fylgt eftir.

SVÓT greining

Á kennarafundi þann 20. febrúar voru kortlagðir styrkleikar og veikleikar skólans. Stuðst var við svokallaða SVÓT greiningu en í henni er til umfjöllunar styrk- og veikleika stofnunar, ógnanir úr umhverfi og að lokum tækifæri í umhverfi. Helstu niðurstöður voru þær að kennarar telja að styrkleikar skólans séu stöðugleiki í starfsmannahaldi, fámennið, góð samvinna, nýjungagirni, lestrarátakið, hamingjusamir nemendur, útikennslan, list- og verkgreinakennsla, gullkornin og hamingjubókin. Með greiningu á veikum hliðum koma þættir fram sem einnig eru taldir vera styrkleikar en það eru þættirnir er varða sama starfsmannahóp og fámennið. Aðrir þættir eru skólalóðin, stoðþjónusta og íþróttastarf. Þegar greint var hverjar væru ógnanir úr umhverfi þá var skólalóðin efst á lista, þ.e. hún er ekki afgirt og engar merktar gangbrautir yfir götur í nágrenniskólans. Einnig komu fram þættirnir fækkun íbúa og umræður síðustu ára um tilveru skólans. Tækifæri í umhverfi eru útikennslan, nýta bæjarbúa í kennslu valfaga, gróðursetning og reyna að nýta grenndarumhverfið sem mest í kennslu.

Úrbætur og árangur frá síðasta mati

Á síðasta ári tókum við fyrir m.a. aðbúnaðinn. Mikið var gert, málað og bónað á neðri hæð, skóhillur í forstofu lagaðar og snagar settir þar upp fyrir yngri nemendur til að hengja upp útiföt. En það sem ekki var lagað er útisvæðið, loftræsting t.d. í smíðastofu. Ekki var skipt út lélegum húsgögnum og ekki settar upp kortastangir né keypt ný landakort.

Stjórnun skólans var einnig á dagskrá. Þar var talað um að hafa starfsmannaviðtöl í september en þau voru í mars. Að þessu sinni mátu nemendur ekki kennara sína né að kennarar mátu aðra kennara og ekki kom utanaðkomandi aðili til að meta kennslu. Það er greinilegt að það þarf að skoða þessa þætti betur og ákveða hvað við viljum gera með þá.

Skólapúlsinn 2012-13

Nemendakönnun

Nemendakönnun var lögð fyrir 8.-9.bekk af Skólapúlsinum í lok október 2012. Þar svöruðu nemendur margvíslegum spurningum um nám og líðan í skólanum. Niðurstöður könnunarinnar voru skoðaðar og lesið út úr þeim til að sjá hvar nemendur okkar standa miðað við aðra á landinu.

** Ef mælingin fyrir nýjasta mánaðarúrtak skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan landsmeðaltal miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur fyrir aftan nafn þáttarins innan sviga í bláum stöfum (+/- X,XX). Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin landsmeðaltali er munurinn ekki birtur. Upplýsingar um marktækan mun koma einnig fram í myndritum þannig að ef mánaðargildi er marktækt frábrugðið landsmeðaltali er það stjörnumerkt. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.*

Virkni nemenda í skólanum

Samsömun við nemendahópinn (+1.74)*

Samband nemenda við kennara (+1.43)*

Agi í tímum (+1.57)*

Stuðningur kennara við nemendur (+2.10)*

Virk þátttaka nemenda í tímum (+1.76)*

Mikilvægi heimavinnu í náminu

Líðan nemenda

Sjálfsálit (+1.43)*

Stjórn á eigin lífi (+2.28)*

Vanlíðan (-1.47)*

Kvíði (-2.04)*

Einelti

Virkni nemenda í skólanum

Persónulegt gildi náttúruvísinda (+1.56)*

Íþróttir/líkamsrækt (-1.40)*

Trú á eigin vinnubrögð í námi (+1.64)*

Niðurstaða í október:

Við getum ekki annað en glaðst yfir niðurstöðum könnunarinnar. Nemendur Grunnskóla Önundarfjarðar koma best út varðandi líðan í skóla af skólum Ísafjarðarbæjar. Nemendur koma mjög vel út úr mörgum þáttum og eru vel yfir landsmeðaltali eins og t.d. í *stuðningur kennara við nemendur, stjórn á eigin lífi og trú á eigin vinnubrögðum í námi*. Niðurstöðurnar sýna að nemendur telja að góður agi sé í tínum, nemendur virkir og samband milli nemenda og kennara sé mjög gott. Einnig koma þættir er lúta að *vanlíðan* og *kvíða* vel út og eru langt undir landsmeðaltali þar sem er mjög gott.

Mat rýnihóps kennara : *Eftir að hafa lesið úr niðurstöðunum er það óásættanlegt að nemendur séu tæpu einu og hálfu stigi neðar en landsmeðaltal í þáttunum sem snúa að íþróttum og líkamsrækt. Viðmið kennara eru að nemendur séu annaðhvort við landsmeðaltal eða ofar eða neðar eftir því hvað um er spurt, þ.e.a.s. að ef um er að ræða kvíða þá vilja kennarar ekki að nemendur sé ofar en landsmeðaltal en með áhuga á stærðfræði þá er gott að vera yfir landsmeðaltali. En kennarar eru þó mjög ánægðir með alla hina þættina í könnuninni og telja þeir að skólastarfið sé öflugt og gott í Grunnskóla Önundarfjarðar.*

Aðrar niðurstöður úr Skólapúlsinum

Hér verður stiklað á stóru um niðurstöður annarra þátta könnunarinnar. Mjög jákvæð svörun kom út úr þáttunum er spurt er um áhuga á stærðfræði og náttúrufræði. Nemendur er líka yfir landsmeðaltali í lestri og teljum við að lestraráttak í skólanum síðustu tveggja ára sé að skila sér.

Úrbótaáætlun

Verkefni	Leiðir að úrbótum
Nemendur iðka ekki oft íþróttir og líkamsrækt	Reyna að efla íþróttastarf í skólanum og hvetja nemendur til að æfa ýmsar íþróttir utan skólans.

Apríl

Skólapúlsinn var aftur lagður fyrir í apríl 2013. Hér fyrir neðan má sjá niðurstöðurnar.

Virkni nemenda í skólanum

Matsþáttur	Breyting frá síðustu mælingu
<u>Persónulegt gildi náttúruvísinda</u>	+0,45
<u>Stjórn á eigin árangri</u>	+1,03
<u>Trú á eigin námsgetu</u>	-0,56
<u>Trú á eigin vinnubrögð í námi</u>	+0,39
<u>Áhugi á stærðfræði</u>	-0,74
<u>Ánægja af lestri</u>	+0,44
<u>Íþróttir/líkamsrækt</u>	+0,16
<u>Þrautseigja í námi</u>	+0,70

Líðan nemenda

Matsþáttur	Breyting frá síðustu mælingu
<u>Sjálfsálit</u>	+0,58
<u>Stjórn á eigin lífi</u>	0,00
<u>Vanlíðan</u>	+0,10
<u>Kvíði</u>	+0,18
<u>Einelti</u>	-0,14

Skóla- og bekkjarandi

Matsþáttur	Breyting frá síðustu mælingu
<u>Samsömun við nemendahópinn</u>	+0,06
<u>Samband nemenda við kennara</u>	+0,13
<u>Agi í tímum</u>	+0,44
<u>Stuðningur kennara við nemendur</u>	0,00
<u>Virk þátttaka nemenda í tímum</u>	+0,49
<u>Mikilvægi heimavinnu í náminu</u>	+0,95

Niðurstaða í apríl:

Við getum ekki annað en glaðst yfir niðurstöðum könnunarinnar.. Nemendur koma mjög vel út úr mörgum þáttum og eru vel yfir landsmeðaltali eins og t.d. í *stuðningur kennara við nemendur*, *stjórn á eigin lífi* og *trú á eigin vinnubrögðum í námi*. Niðurstöðurnar sýna að nemendur telja að góður agi sé í tímum, nemendur virkir og samband milli nemenda og kennara sé mjög gott. Þátturinn um mikilvægi heimavinnu í náminu hækkaði mikið frá október mælingunni eða um 0,95 stig. Einnig koma þættir er lúta að *vanlíðan* og *kvíða* vel út

og eru langt undir landsmeðaltali þar sem er mjög gott. Lestrarátakið okkar er greinilega að skila sér því þessi þáttur hækkar í hverri mælingu og er núna rúmi stigi yfir landsmeðaltali.

Mat rýnihóps kennara : Eftir að hafa lesið úr niðurstöðunum er það óásættanlegt að nemendur séu tæpu einu og hálfu stigi neðar en landsmeðaltal í þáttunum sem snúa að íþróttum og líkamsrækt. En þó teljum við að ástæðan sé aðallega sú að nemendur eru spurðir út í hve mikið þeir stunda íþróttir með íþróttafélagi utan skóla og er það ekki sambærilegt hér á Flateyri því það eru engar íþróttæfingar eftir skóla. Viðmið kennara eru að nemendur séu annaðhvort við landsmeðaltal eða ofar eða neðar eftir því hvað um er spurt, þ.e.a.s. að ef um er að ræða kvíða þá vilja kennarar ekki að nemendur sé ofar en landsmeðaltal en með áhuga á stærðfræði þá er gott að vera yfir landsmeðaltali. Kennarar hafa áhyggjur af minnkandi áhuga á stærðfræði og trú nemenda á eigin námsgetu. Kannski tengjast þessir tveir þættir saman, þ.e. að nemendur telja sig ekki ráða eins vel við stærðfræðina og þá kemur það niður á trú á eigin námsgetu. En kennarar eru þó mjög ánægðir með alla hina þættina í könnuninni og telja þeir að skólastarfið er öflugt og gott í Grunnskóla Öfundarfjarðar.

Úrbótaáætlun

Verkefni	Leiðir að úrbótum
Nemendur iðka ekki oft íþróttir og líkamsrækt	Reyna að efla íþróttastarf í skólanum og hvetja nemendur til að æfa ýmsar íþróttir utan skólans og kynna þeim íþróttastarf í nágrennabyggðum.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var lögð fyrir í febrúar 2013. Svarhlutfall var 95 % sem hlýtur að teljast mjög gott. Spurningar könnunarinnar lutu að því hvort foreldrar eru almennt ánægðir með skólann, stjórnun, nám, heimanám og fleiri aðra þætti.

Helstu niðurstöður eru að foreldrar eru mjög ánægðir með nám og kennslu í skólanum en þar eru þeir 1,17 stigi yfir landsmeðaltali, 90 % foreldrar telja að þyngd námsefnis í skólanum sé hæfileg og telja einnig að við skólann ríki hæfilegur agi. Öllum foreldrum finnst skólanum frekar vel eða mjög vel stjórnað og að börnunum þeirra líði frekar vel eða mjög vel. En hins vegar eru þeir rétt undir landsmeðaltali þegar kemur að því hvernig ánægja foreldra er með samskipti starfsfólks við nemendur.

Foreldrar eru mjög ánægðir með mötuneytið og nýta sér það vel.

Foreldra telja að kennarar eigi frekar frumkvæði að foreldrasamstarfi og var almenn mikil ánægja með síðasta foreldraviðtal. En í spurningunni um virkni þeirra í námi barna sinna eru þeir rétt undir landsmeðaltali en á móti kemur að vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu er aðeins yfir landsmeðaltali og foreldrar telja sig hafa getu til að hjálpa barninu með námið. Rétt rúmlega helmingur foreldra eru ánægðir með heimasíðu skólans en um 36% foreldra ekki skoðað hana til að afla sér upplýsinga um starf skólans.

Mat rýnihóps kennara: *Eftir að hafa lesið úr niðurstöðunum eru kennarar þokkalega ánægðir með útkomuna. Sérstaklega þáttinn um nám og kennslu í skólanum sem styður vel nemendakönnunina. Það sem kennarar telja óásættanlegt er að vera undir landsmeðaltali varðandi ánægju foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur en gengur þó í berhöggi við nemendakönnunina þar sem nemendur telja sig eiga í góðum samskiptum við kennara. Einnig þarf að kynna heimasíðu skólans betur fyrir foreldrum.*

Úrbótaáætlun

Verkefni	Leiðir að úrbótum
Þriðjungur foreldra hefur ekki skoðað heimasíðu skólans.	Kynna heimasíðuna vel á skólasetningu, sýna hana og segja frá því hvaða upplýsingar fólk getur fundið.
Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur.	Starfsfólk skólans mun að alefli halda því starfi áfram að koma jafnt fram við alla nemendur og láta þeim líða vel í skólanum.

Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í mars 2013. Helstu niðurstöður hennar eru þær að við skólann eru 83% starfsmanna með háskólapróf og sami starfshópur búinn að vera lengi við skólann. Þegar skoðaðir eru þættirnir starfsánægja og starfsandi þá sýna niðurstöðurnar að starfsfólkinu líður mjög vel, eru nærri því þremur stigum yfir landsmeðaltali varðandi starfsanda og einu og hálfu stigi yfir í starfsánægju. Starfsmenn telja að upplýsingastreymi innan skólans sé mjög gott og eru þar nærri því þremur stigum yfir landsmeðaltali og einnig eru þeir ánægðir með stjórnun skólans eða tæpu stigi yfir landsmeðaltali. Þegar spurt er um starfsaðstöðu þá eru starfsmenn mjög ánægðir með hana og eru tæpum þremur stigum yfir landsmeðaltali. Það eina sem kemur frekar neikvætt út er fjarvera starfsfólks undanfarinn mánuð og skýrist það að nokkru leyti að því að margir lögðust á sama tíma í flensu á því tímabili.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Samskipti heimila og skóla

Kennarar ákváðu að halda áfram með gullkornakerfið enda reyndist það vel í fyrra. Þá eru nemendum afhend gullkorn aðra hverja viku, þau koma frá kennurum, öðru starfsfólki og nemendum skólans. Gullkornin geta tengst námi, félagslegu starfi, hegðun og framkomu. Annan hvern fimmtudag hittast allir á sal og les hver og einn upp sitt gullkorn fyrir hina og þannig fá nemendurnir þjálfun í koma fram og tjá sig fyrir framan aðra. Hver nemandi fær tvö eintök, eitt til að fara með heim og annað til að hengja upp í stofu. Gullkornin sem eru hengd upp í stofunni fara síðan í sér öskju og fá svo nemendurnir öll gullkornin sín eftir veturinn á skólaslitum í fallegu umslagi. Einnig safna kennarar í möppu öllum gullkornun, hver nemandi á sína síðu og á hana eru gullkornin límd. Þetta er til þess að hafa yfirsýn yfir gullkornin og svo ljósrita kennarar síðuna í persónumöppur. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og bíða nemendur spenntir eftir gullkornadegi.

Byrjendalæsi

Haustið 2012 tókum við þátt í að vinna með byrjendalæsi í 2.-3 bekk. Byrjendalæsi er kennsluaðferð ætluð nemendum á yngsta stigi. Kennsluaðferðin hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Um 30 skólar víðs vegar um landið vinna nú eftir aðferðinni. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Gengið er út frá því börn þurfi lesefni sem kveiki áhuga þeirra, ýti undir ímyndunaraflið, hvetji þau til gagnrýnnar hugsunar og gefi þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Því er margs konar gæðatexti lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi.

Venjulega ná kennsluáætlanir yfir viku í Byrjendalæsi. Lotan hefst á því að kennari les texta, sögu, ljóð eða fróðleikstexta fyrir nemendur. Innihaldið er rætt og blæbrigði máls, s.s. munur á lítill og þínu lítill; læðast, þjóta, skjótast. Ríkur orðaforði og gott vald á máli eykur lesskilning barna til mikilla muna. Næst tekur við kennsla á stöfum, réttiritun, málfræði og annað sem þarf að nema. Orð (kallað lykilorð) úr textanum er alltaf valið sem fulltrúi þess sem á að kenna. Ef kenna á stafina r og á, er valið orð með þeim stöfum t.d. strákar. Byrjað er á að finna orðin í lykilorð-inu t.d. strákar > stráka, strá, rá, kar. Svo má rugla stöfunum og búa

til ný orð úr þeim, t.d. krá, kast, tár. Kennari kennir sérstaklega hljóð og form stafanna rá og útbýr fjölbreytt verkefni til að þjálfa nýja færni, helst eru vinnubrögð felld inn í leiki og spil.³

Okkur fannst verkefnið ganga mjög vel og ætlum við að halda áfram á næsta ári. Nemendur voru ánægðir og upplifunin af tímunum var góð.

Útikennsla

Aðalnámsgreinarnar í útikennslu í vetur voru stærðfræði og náttúrufræði. Skólinn er búinn að kaupa pott til útikennslu og ætlar foreldrafélag Grunnskólans og umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar að aðstoða við að útbúa útikennslustofu og þá er hægt að auka við þau fög sem hægt er að kenna úti, t.d. heimilisfræði. Einnig er hægt að tengja allar námsgreinar við útikennslu og stefnt verður að því að nýta útikennslustofuna sem mest allan veturinn óháð veðri. Það var gerð sérstök maídagsskrá með það að leiðarljósi að efla útikennslu enn frekar og njóta vorsins mikið úti. Tengdar voru flestar greinar inn í útikennsluna og fundin verkefni sem hentaði hverju fagi.

Hamingjubók

Nemendur, kennarar og starfsfólk skólans fengu í febrúar fallega, litla stílabók til að skrifa í á hverjum föstudegi. Í bókina á að skrifa fyrir hvað maður eru þakklátur eða gerir mann ánægðan. Tilgangur bókarinnar er að efla jákvæðar hugsanir og njóta þess sem er gott og gleður mann en ekki einblína á það neikvæða. Hamingjubókin er trúnaðarmál og enginn má skoða hjá hinum nema með leyfi viðkomandi og eru þær geymdar í skólanum yfir sumarið svo þær glattist ekki. Nemendur fá þær síðan við útskrift. Við ætlum að halda áfram næsta vetur með hamingjubókina og næsta vor verður gerð könnun á nytsemi hennar.

Endurmenntun

Endurmenntun kennara hefur í vetur að mestu leyti falist í námskrárlesningu og undirbúningi á breyttu námsmati. Einnig hafa kennarar sótt hin ýmsu námskeið, bæði að eigin frumkvæði og skólans.

³ http://www.msha.is/static/files/Skolathrounarsvid/Blbladid/B_blad%203%20arg_3_tbl.PDF

Áform um þróunar- og nýbreytnistarf

Næstu árin munum við einbeita okkur að því að vinna að nýrri skólanámskrá út frá nýrri aðalnámskrá grunnskóla og einnig vinna í nýju námsmati. Við vinnum mikið með grunnskólunum á Suðureyri og Þingeyri og hafa starfsdagar verið teknir frá í þessa vinnu á næsta skólaári.

Heimanámsaðstoð

Á næsta ári munum við bjóða upp á aðstoð við heimanám þrjá daga í viku, mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga. Þetta mun auka jafnrétti til náms þar sem sumir nemendur geta ekki fengið aðstoð heima með nám sitt af ýmsum ástæðum. Er það von okkar að nemendur og foreldrar muni nýta sér aðstoðina og hún verði öllum til góða.

Áætlun um sjálfsmat 2013-2017

Hér fyrir neðan má sjá hvaða þætti á að skoða til ársins 2016, bæði innra og ytra mat.

	2013-2014	2014-2015	2015-2016	2016-2017
Haustönn	Einkenni stofnunar Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk	Nám og kennsla Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk	Nemendur Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk	Stjórnun Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk
Vorönn	Stefna og markmið Skólapúlsinn Könnun á viðhorfi forráðamanna nemenda til grunnskólans	Námsmat Skólapúlsinn	Aðbúnaður Skólapúlsinn Könnun á viðhorfi forráðamanna nemenda til grunnskólans	Ytri tengsl Skólapúlsinn